



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2023

BLÓM3VC02
Blómaskreytingar bóklegt III

Kennari:	Bryndís Eir Þorsteinsdóttir
	Valgerður Jónís Guðjónsdóttir

Áfangalýsing:

Nemendur læra áfram um helstu skreytingastíla, þ.e. grunnstíla og undirstíla. Farið er dýpra í gerðir skreytinga og uppbyggingu þeirra s.s. borðskreytinga, jólaskreytinga, kertaskreytinga og þurrskreytinga. Fjallað er áfram um meðferð efnis úr náttúrunni og efni úr gróðurhúsum. Farið er ítarlega í mismunandi gerðir af útfararskreytingum og kynntar helstu brúðarskreytingar. Þjálfuð enn frekar vinna við skissugerð og teikningar af blómaskreytingum. Áhersla lögð á vönduð og sjálfstæð vinnubrögð og eigin sköpun.

Undanfari: BLÓM2BB02 (Blómaskreytingar II bóklegt), BLÓM2VB08 (Blómaskreytingar II verklegt)

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Hvað felst í helstu fagheitum er tengjast faginu og þekki helstu grunnstíla og undirstíla sem unnið er með í blómaskeytingum.
- Sérreglum um uppbyggingu blómvanda og skreytinga í mismunandi stílum.
- Flóknum skreytingum, s.s. borðskreytingum, salarskreytingum og blómvöndum.
- Uppbyggingu og gerð útfararskreytinga.
- Grunnatriðum við gerð brúðarskreytinga.
- Hvernig útbúa á skissur og teikningar af skreytingum og þekki hvernig unnið er út frá þeim.
- Nauðsyn þess að vinna ávallt af fagmennsku við hvert verk.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Vinna með helstu grunnstíla og undirstíla sem notaðir eru í blómaskreytingum.
- Skipuleggja gerð tiltölulega flókinna skreytinga, s.s. borðskreytinga, salarskreytinga og blómvanda.
- Lýsa algengustu útfararskreytingum sem falla að grunnreglum blómaskreytinga.
- Skipuleggja einfaldar brúðarskreytingar.
- Útbúa skissur og teikningar, af þeim gerðum skreytinga sem fjallað er um í áfanganum.
- Vinna ávallt af fagmennsku og bera virðingu fyrir óskum viðskiptavinarins.
- Taka þátt í hópvinnu við stærri skreytingaverkefni.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Lýsa gerð mismunandi skreytinga og blómvanda í helstu grunnstílum og undirstílum, með grunnreglur í blómaskreytingum í huga,metið með rökræðum, rökstuðningi, kynningum og skriflegu prófi.
- Sýna frumkvæði, virkni og samvinnuvilja við þátttöku í hópvinnu í stærri skreytingarverkefnum, sem metið er með jafningjamati, samviskusemi og samskiptahæfni.
- Sýna sjálfstæða hugsun og vinnubrögð og vinna af fagmennsku við hvert verk sem metið er með verklagi, vinnuframlagi, samskiptahæfni, ábyrgð, útsjónarsemi og skriflegu prófi.
Sýna viðskiptavininum nærgætni og bera virðingu fyrir óskum hans, í samræmi við tilefni, metið með samskiptahæfni og jafningjamati.

Námsefni:

Binderi teknik design – Dorthe Vembye

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1 - 4	28.ágúst – 22.september	Kennsla hefst 29.ágúst Kynning og upprifjun	Heimaverkefni 1 Heimaverkefni 2
5 - 8	25.september – 20.október	Hanakubari Brúðarskreytingar	Heimaverkefni 3
9 - 12	23.október – 17.nóvember	Haldið áfram að vinna með grunnstíla og undirstíla.	
13 - 14		Upprifjun	Heimaverkefni 4

	20. nóvember – 1. desember		
15 - 16	4. desember - 15. desember	Próf 13. desember kl: 12 – 13	Skil á heimaverkefni 4

Sérreglur áfangans:

Nemendur þurfa að ná að lágmarki 4,5 í einkunn á verklega prófinu.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verklegur þáttur	Verklegt próf	80%
Virkni og mæting	Mæting og virkni í tímum.	20%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Reykir, 28. ágúst 2023

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir

Valgerður Jónís Guðjónsdóttir